

Ed.

69. Frumvarp til laga

[64. mál]

um breyting á lögum um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, nr. 72 28. maí 1969, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

Á eftir 12. gr. laganna komi bráðabirgðaákvæði sem orðist svo:

Stjórn Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins er heimilt að inna af hendi greiðslur upp í verðbætur, sbr. 8. gr., vegna ógreidds skreiðarútlutnings og óseltrar skreiðar af framleiðslu árána 1981, 1982 og 1983 samkvæmt reglum, sem sjóðsstjórnin setur að fengnu samþykki ráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að tilmælum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Stjórn sjóðsins hefur rætt þann mikla vanda, sem nú stöðjar að framleiðslu skreiðar vegna mikilla söluferðleika og mjög tregra greiðslna af hálfu kaupenda.

Samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum, sem sjóðurinn nú hefur frá framleiðendum ásamt öðrum aðilum, sem málið snertir, er gert ráð fyrir verulegum greiðslum verðbóta á alla óselda og ógreidda skreið. Óvissa um söluverð á þeirri skreið, sem enn liggur óseld í landinu, gerir að svo stöddu erfitt um að áætla heildarbætur. Inneign skreiðarinnar er nú um kr. 220 000 000,00.

Með tilliti til þessa hefur sjóðsstjórnin rætt um það, hvernig hraða mætti greiðslum upp í væntanlegar verðbætur, en samkvæmt lögum sjóðsins er ekki heimilt að inna slíkar greiðslur af hendi fyrir en gjaldeyrisskil liggja fyrir.

Sjóðsstjórn Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, deildar fyrir skreiðarafurðir, var sam-mála um, að fara þess á leit við sjávarútvegsráðherra, að gert yrði mögulegt með framangreindu viðaukaákvæði til bráðabirgða við lög sjóðsins, að greiða upp í væntanlegar verðbætur og að til framkvæmda geti komið sem fyrst.